

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	2.6.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristjánsd. og Anna S.
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Helgi Auðunsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Magnússon	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en athugasemd er gerð við að atriði sem enn eru óljós en þurfa að liggja fyrir þegar gangsetning verksmiðjunnar hefst. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er stefnt að gangsetningu í júlí eða ágústmánuði. Helstu atriði sem vantar að skýra eru eftirfarandi

- Hvernig verður hreinsun frárennslis háttáð í verksmiðjunni?
- Hvar og hvernig verður afsogi frá helstu ryk uppsprettum verksmiðjunnar háttáð?
- Hverjir munu taka við aukaafurðum og úrgangi frá verksmiðjunni. Athuga þarf útflutningleyfi og önnur leyfi sem þarf að fá fyrir flutning ofl.
- Ljúka þarf vinnu við mæliáætlun og fá samþykki Umhverfisstofnunar fyrir fyrirkomulag, tegund og staðsetningu mælíbúnaðar.
- Ljúka þarf umsókn um losunarleyfi fyrir gróðurhúsalofttegundir.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á skoðunarferð um verksmiðjulóðina. Framkvæmdir standa yfir og komnar vel á veg. Búið er að taka á móti farmi af kvarsí (hráefni) sem geymt er á malarplani á lóðinni. Hráfnisgeymslur fyrir kol og timburkurl eru í byggingu. Rætt var um flutning hráfnis frá höfninni upp á lóð en til að byrja með er gert ráð fyrir að því verði keyrt á bílum þar sem að framkvæmdum við stækkun hafnarinnar (á ábyrgð Reykjaneshafnar) eru ekki hafnar og því ekki hægt að koma fyrir færðingum fyrir hráefnið frá höfninni. Gert er ráð fyrir að hráefni verði keyrt úr hráfnisgeymslum í mötun með hjólaskóflum.

Rætt var um aðgerðir til að verja hráefnið (kolin) fyrir veðri og vindum.

Gengið var upp í reykahreinsivirkni og skoðaðar mögulegar staðsetningar fyrir útblástursmælingar, litið á síuhús, fyrirhuguð pokastæði og ryksöfnun frá reykahreinsivirkni. Spurt var út í ryksöfnun frá öðrum uppsprettum en ekki liggur endanlega fyrir hvernig því verður háttáð. Unnið er að tengingu afsogslagna frá ofni og fóðring ofnsins er á frumstigi. Gert er ráð fyrir að hrákísil verði tappað af ofnunum og framleiðslan flutt í mölunarhús í hringekju. Ekki er vist hvernig afsogi frá mölunarhúsi verður háttáð þar sem að það er á hönnunarstigi. Upphaflega stóð til að taka flytja út framleiðsluvörðuna án mölunar en nú hefur verið tekin ákvörðun um að bæta við mölunarhúsinu þar sem að hætta er á að ómaláður kísilmálmurinn eyðileggi flutningsgámana.

Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvernig frárennslisreinsun af lóðinni verður. Framkvæmdir við frárennslislögn almenningsfráveitu á vegum Reykjaneshafnar hefur seinkað en núverandi áætlun gerir ráð fyrir að framkvæmdum verði lokið í október nk. Sameinað Sílikon hyggst tengjast inn á þá lögn amk að hluta til. Ekki er gert ráð fyrir endurnýtingu kælivatns frá verksmiðjunni. Umhverfisstofnun ítrekaði ósk um greinagerð varðandi frárennslisreinsun frá verksmiðjunni.

Þá var rætt um úrgangsmál en rekstraraðili fullyrðir að öllum úrgangi verði komið fyrir í viðurkenndum feril um leið og verksmiðjan fer af stað. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hverjir koma til með að taka á móti aukaafurðum en rekstraraðili telur að meiri hluti efnis sem fellur til í verksmiðjunni sé seljanleg vara og því unnt að skilgreina sem aukaafurð þ.m.t. málmar, timbur, stórsekkir, plast, rafbúnaður, spilliefni, pappi og skrifstofupappír. Umhverfisstofnun ítrekaði ósk úr síðasta eftirliti um ítarlegri áætlun um ráðstöfun úrgangs og aukaafurða. Jafnframt var ítrekað mikilvægi þess að samningar við móttökuaðila lægju fyrir þegar verksmiðjan hefur starfsemi svo ekki safnist upp úrgangur á lóð fyrirtækisins.

Að lokinni skoðunarferð var fundað þar sem að farið var yfir skilyrði starfsleyfis.

Ákveðin dagsetning á gangsetningu verksmiðjunnar liggur ekki fyrir að svo stöddu en áætlað er að prófanir hefjist í júlí nk og formleg gangsetning í ágústmánuði.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við tillögu að mæliáætlun í tölvupósti 24.febrúar sl. Unnið er að útfærslu á mælistaðsetningum og mælíbúnaðar í útblæstri reykahreinsivirkja. Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærðri áætlun þegar sú útfærsla liggur fyrir.

Umhverfisstofnunaráætlun er langt á veg komin. Hún verður auglýst opinberlega og almenningi gefið færi á að gera athugasemdir áður en formleg útgáfa verður gefin út. Umhverfisstofnun hefur fengið aðgang að símælingum úr loftgæðastöðvum. Mælingar í Helguvíkurstöð (sunnan við verksmiðjuna) hefur verið mælt frá 25.janúar sl., á Leirunni (norðan við verksmiðjuna) frá 20.apríl og Mánagrunn (í hesthúsaahverfi) frá 8.janúar sl. Bakgrunnsmælingar í gróðri og jarðvegi hafa verið framkvæmdar og vinnur Umhverfisstofnun að úrvinnslu og birtingu þeirra. Hávaðamælingar voru fyrirhugaðar þegar eftirlitið fór fram og hafa nú verið framkvæmdar (13.-15.júní sl.) og eru niðurstöður úr þeim að vænta.

Minnt var á skilyrði í starfsleyfi um tilkynningar varðandi gangsetningu og tímabundnar stöðvanir, mengunaróhöpp og bráðamengun. Mikilvægt er að viðbragðsáætlun sé kynnt starfsmönnum og að hún sé sýnileg í verksmiðjunni. Minnt var á gagnaskil og rekstraraðili hvattur til að senda inn erindi og fyrirspurnir tímanlega á netfangið ust@ust.is.

Anna Sigurveig, sérfræðingur í loftgæðateymi Umhverfisstofnunar fór yfir umsókn rekstraraðila um losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda og þau gögn sem þar vantar uppá. Minnt var á mikilvægi þess að vanda umsóknina og bent á að rekstraraðila sé óheimilt að hefja rekstur nema að losunarheimild hafi verið veitt.

Að lokum var minnt á skilyrði í starfsleyfi um árlegan samráðsfund. Rekstraraðili skal boða Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit á slíkan fund og var rætt um að æskilegt væri að hann yrði haldinn í haust. Umhverfisstofnun mun svo standa fyrir opnum kynningarfundum í Reykjanesbæ varðandi niðurstöður bakgrunnsvöktunar og eftirlits hjá Sameinuðu Sílkoni snemma í haust.

ATHUGASEMDIR

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila stýttist í gangsetningu verksmiðjunnar. Enn liggur ekki fyrir endanleg hönnun á mengunarvarnaráðuneyti s.s. afsogi og hreinsun frá helstu rykupsprettum og fyrirkomulag frárennislagna og hreinsun frárennslis af lóðinni. Þá liggur ekki fyrir hverjir muni taka við aukaafurðum sem falla til í verksmiðjunni. Mæliáætlun er enn í vinnslu sem og umsókn um losunarleyfi fyrir gróðurhúsalofttegundir. Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að þessir þættir þurfa að vera fullnir áður en verksmiðjan hefur gangsetningu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.08.2016


Halla Einarsdóttir